

Íþróttir 2.bekkur

Meginmarkmið íþróttakennslunnar í 2.bekk er að virkja hreyfiþörf nemenda, efla skynfæri líkamans og styrkja fin- og grófhreyfingar. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu. Að nemendur hafi ánægju af íþróttum og upplifi sig jákvætt og fái fræðslu um íþróttir og heilsuvernd. Nemendur skulu ávallt mæta með viðeigandi fatnað.

Líkamsvitund, leikni og afkastageti

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti gert æfingar sem reyna á þol,
- geti gert æfingar sem reyna á stöðu- og hreyfijafnvægi,
- geti gert einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu,
- geti sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum einföldum boltaleikjum.

Félagslegir þættir

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum,
- geti fylgt einföldum leikreglum,
- læri að hlusta á líkama sinn.

Heilsa og efling þekkingar

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- átti sig á mikilvægi hreinlætis,
- þekki helstu líkamshluta,
- geti notað einföld hugtök sem tengjast íþróttum,

Öryggis og skipulagsreglur

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti farið eftir umgengisreglum íþóttahúsa.

Kennsluhættir

- Íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsi og úti,
- Kennnt er tvisvar í viku, 40 mínútna tímar,
- Kennnt er í formi leikja og áhaldahringja,
- Lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni,
- Að vori er útikennsla í íþróttum í 2-3 vikur.

Námsmat

Námsmat í 2.bekk er í formi umsagna í foreldraviðtölum þar sem viðmót, frammistaða og áhugi er metið. Í lok skólaárs fá nemendur sérstök námsmatseyðublöð (sjá dæmi hér að neðan)

Námsmat í Grunnskóla Grindavíkur

Nafn: _____

Bekkur : _____

Þáttur	þarf að bæta	Gott	Framúrskarandi
Framkoma	Verður að bæta -þarf gjarnan tiltal <input type="checkbox"/>	Góð, getur bætt sig <input type="checkbox"/>	Framúrskarandi <input type="checkbox"/>
Virðing	þarf að bæta <input type="checkbox"/>	Góð, getur bætt sig <input type="checkbox"/>	Framúrskarandi <input type="checkbox"/>
Vellíðan			
Virkni	þarf að bæta <input type="checkbox"/>	Góð, getur bætt sig <input type="checkbox"/>	Framúrskarandi <input type="checkbox"/>
Fylgir reglum í leik og starfi	þarf að bæta <input type="checkbox"/>	Getur betur <input type="checkbox"/>	Framúrskarandi <input type="checkbox"/>

Annað: _____

Undirskrift

Íþróttakennara